

Lagt er til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð samþykki eftirfarandi tillögur á breytingum á verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfi:

1. Hugmyndir á Betri Reykjavík sem eru eldri en eins árs verði gerðar óvirkar og færðar á svæði þar sem eingöngu er hægt er að skoða þær. Þetta verði eftirleiðis gert þegar hugmyndir verða árgamlar. Notendum verði frjálst að senda hugmynd inn að nýju og athuga hvort hún fái brautargengi þá.
2. Lágmarksatkvæðafjöldi sem hugmynd þarf að hafa hlotið í Betri Reykjavík til að vera send fagráði til afgreiðslu verði 25 hrein meðatkvæði (meðatkvæði að frádregnum mótatkvæðum).
3. Ekki verði vísað til hverfakosningar sem „Betri hverfi“ heldur sem hluta verkefnisins Betri Reykjavík.
4. Lögð verði áhersla á að efla kynningu á hverfakosningu 2016 ekki síst gagnvart hópum sem síður hafa tekið þátt í hverfakosningum fram til þessa. Upplýsingastjóri vinni kynningaráætlun vegna verkefnisins fyrir 1. apríl 2016 í samræmi við ábendingar sem fram koma í úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.
5. Endurskoðaðar skilgreiningar á því hvað megi kjósa um í hverfakosningu 2016 skuli lagðar fram á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 4. apríl 2016.
6. Hjálögð tímaáætlun vegna hverfakosningar 2016 verði samþykkt.

Greinargerð:

Í kjölfar úttektar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á verkefnum Betri hverfi og Betri Reykjavík skipaði borgarritari starfshóp með erindisbréfi dags. 9. febrúar 2016. Hlutverk starfshópsins er tvíþætt. Annars vegar að gera tillögu að framkvæmd Betri hverfa 2016, og hins vegar að gera tillögu að framtíðarstefnu lýðræðisverkefna Reykjavíkurborgar. Hópnum var samkvæmt erindisbréfi gert að taka mið af niðurstöðum úttektar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á Betri Reykjavík og Betri hverfum auk annarra ábendinga sem borist hafa. Starfshópurinn skilaði áfangaskilum 3. mars með tillögum að fyrirkomulagi Betri hverfa 2016 en lokaskil eru samkvæmt erindisbréfi þann 15. maí 2016.

Fram að áfangaskilum voru haldnir fimm fundir og starfshópurinn leitaði ráðgjafar hjá starfsfólki innan Reykjavíkurborgar sem og hjá samstarfsaðilum. Þá var óskað eftir athugasemdum hverfisráða um framkvæmd Betri hverfa fram til þessa og hvers konar breytingar hverfisráðin vildu sjá á framkvæmdinni 2016. Starfshópurinn vann tillögurnar byggt á úttekt stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og tók tillit til þeirra athugasemda sem hverfisráð, íbúasamtök og aðrir settu fram.

Hjálagt:  
Tímaáætlun hverfakosningar 2016

## Tímaáætlun hverfakosningar BR 2016

---

- 15.3. - 21.4. 2016: Undirbúningur fyrir hugmyndasöfnun.
- 22.4. – 23.5. 2016: Hugmyndasöfnun.**
- 29.4. - 3.8. 2016: Fagteymi USK metur hugmyndir. Frumhönnun hefst.
- 24.5. – 29.7. 2016: Hægt að rökstyðja, ræða og gefa hugmyndum vægi á vefnum.
- 17.8. - 31.8. 2016: Fagteymi USK fundar með hverfisráðum um mat fagteymis á innsendum hugmyndum í hverfinu.
- 1.9. - 14.9. 2016: Viðbrögð fagteymis USK við athugasemdum hverfisráða.
- 15.9. – 29.9. 2016: Hverfisráð stillir upp endanlega allt að 20 verkefnum í hverju hverfi.
- 30.9. – 6.10. 2016: Undirbúningur fyrir rafræna atkvæðagreiðslu. Listar með verkefnum útbúnir og kynntir.
- 18.10. - 25.10. 2016: Hverfakosning.**
- 2.11. - 8.2. 2017: Verkhönnun verkefna og gerð útboðsgagna. Verkefni boðið út, samningar við verktaka og hverfisbækistöðvar.
- 9.2. – 9.3. 2017: Útboðsferli verkframkvæmdar.
- 3.4. - 14.9. 2017: Framkvæmd.**
- 15.9. 2017: Verklok.**